

## Mál 930 - Lagareldi

### Umsögn vegna frumvarps um fiskeldi

Þar sem stjórnvöld virðast einsett að byggja upp laxeldi á Íslandi er aðeins ein leið fær sem mun ekki útrýma íslenska laxastofninum til framtíðar. Villti laxastofninn er „indicator“ tegund líkt og býflugur sem segja til um heilbrigði lífríkisins. 130 tegundir og lífríki stóla á villta laxinn.

Ég vona að þið sem takið þetta frumvarp fyrir í nefndinni staldri við og lesið ykkur til því það er mikil ábyrgð að mæla með lögum sem útrýma villtum stofni. Fjármunir koma og fara og Íslendingar þurftu ekki fyrir alls löngu að stóla á laxeldi sem þekktist ekki hér. Við, sem sjálfstæð þjóð, erum ansi illa stödd og örvæntingarfull ef við komumst ekki af án opinna sjókvía.

Ég skora á nefndina að bera ekki þá ábyrgð á herðum sér að hafa lagt grunn að útrýmingu villts dýrs, íslenska laxins.

Þegar litið er til þeirra óskapa í Noregi og stöðunnar á villta laxinum þar er augljóst að halltur leiðir blindann þegar kemur að þessu frumvarpi sem er augljóslega með eitt markmið, er hefur ekkert með heilbrigða skynsemi né lágmarks virðingu fyrir umhverfi okkar að gera.

Það er engin ástæða til að leyfa laxeldi í opnum kvíum þar sem það er **vel hægt** í lokuðum kvíum og á landi. Eina ástæða þess að leyfa það er að gera atvinnurekendum það ódýrara, er virkilega nauðsynlegt að leggjast svo lágt.

Nýja frumvarp matvælaráðherra mælir fyrir um kvótakerfi þar sem hægt er að flytja kvóta milli landshluta og selja, leigja og veðsetja hann. Frumvarpið nefnilega mælir einungis fyrir um *heimild* fyrir ráðherra að banna það að færa milli landshluta, hvorki er skylda til þess né taka lögin fyrir að það sé bannað.

Kvótinn (laxahlutur) skv. frumvarpi er ekki bundinn rekstrarleyfi, né heldur aflamarkið (kvóti ársins / laxafjöldi). Svo ótímabundin gjöf er frumvarpið mælir fyrir um, er ekki fólgin í því að hafa rekstrarleyfið ótímabundið heldur er það sú staðreynd að kvótinn (laxahlutur) er ekki bundinn rekstrarleyfinu, enda er kvótans ekki getið í rekstrarleyfinu. Laxahlutur er ótímabundinn, varanlegur kvóti – aflahlutdeild.

Sá sem á kvóta skv. frumvarpinu þarf að missa öll rekstrarleyfi sín svo hann sé innkallaður, en þess á undan getur viðkomandi selt, leigt eða veðsett hann. Afturköllun rekstrarleyfis hefur því ekkert að segja og er í raun nærri dauður bókstafur þegar kemur að vernd villt dýrs, laxins okkar.

Rétt einsog hægt er að færa kvóta á milli skipa þá er hægt að færa bæði laxahlut (varanlegur kvóti) og laxafjölda (kvóti ársins), selja og leigja. Laxafjölda (kvóti ársins) er hægt að færa á milli smitvarnarsvæða, rétt einsog kvóti er færður á milli skipa.

Frumvarpið gerir í raun ráð fyrir að það sé gert svo „hvíldartími“ sé nýttur og aldrei sé dauður tími hjá fiskeldismönnum. Þá er möguleiki að færa kvótann á milli landshluta sem og hafeldis og sjókvíaeldis. Ekki nema ráðherra vilji banna það, valdið er í raun framselt til ráðherra að ákveða það, rétt einsog hvort megi flytja milli landshluta.

Norskir fiskeldismenn fá því að leika lausum hala með auðlindir þjóðarinnar.

Kvótinn í frumvarpinu er festur í sessi með veðsetningarheimildum. Þegar fjárverðmæti er bundið réttindum er ekki hægt að aðskilja hin úthlutuðu réttindi frá viðkomandi fjárverðmæti (laxahlutur). Þetta hefur verið talin viðurkenning á eignarétti útgerða á aflaheimildum.

Þessar heimildir hafa m.a. verið faldar í frumvarpi í 39.gr. og 120.gr. þar sem þeirra er ekki getið í fyrirsögnum greinanna. Þá er veiklulega staðið að því að mæla fyrir um að það þurfi ekki að þinglýsa veðsetningunni og afnumið samþykki matvælastofnunar fyrir veðsetningu. Það liggur fyrir að lánveitendur láta handaband ekki nægja.

Ég skora á nefndina að heimila ekki viðurkenningu á eignarétti fiskeldisfyrirtækja með því að heimila slíka veðsetningu. Enda er óþarfi að gera ríkið bótaskyldt ofan á allt annað þegar sá tími kemur að banna opnar kvíjar, enda hafa fiskeldisfyrirtæki farið í mál vegna þess erlendis. Það er nefnilega svo að þó ríkið nauðbeygi sig að gera fiskeldisfyrirtækjum það svo auðvelt fyrir þá er sá greiði ekki endurgreiddur.

Matvælaráðherra heldur því fram stöðugt að nú skuli ráða 16 starfsmenn í eftirlit, en staðreyndin er sú að það þarf ekki þessi nýju lög til að ráða starfsfólk. Ég skora á nefndina að kynna sér eftirlitsskýrslur þar sem nánast allar - ef ekki allar, kveða á um frávík og fiskeldið stenst ekki skoðun. Eftirlit án afleiðinga hefur ekkert að segja og er bara upp á punt.

Fiskeldið hefur verið í algjörum ólestri og að taka þá ábyrgð að leyfa tilraunir á hafeldi þar sem stök hafa mun alvarlegri afleiðingar eða mæla með frumvarpi sem er, í núverandi mynd, lítið annað en gjöf náttúruauðlinda Íslendinga á kostnað lifandi villt dýrs er ekkert til að vera stoltur af né arfleið til barnanna okkar.

Ég skora á nefndina að hafa hugrekki til að taka skref til baka þar sem þið sem í nefndinni sitjið hafið það einstaka tækifæri til að breyta rétt. Ég skora á ykkur að vernda heimkynni villta laxins okkar og byggjið upp atvinnuveg sem stendur tímans tönn með því að banna laxeldi í opnum sjókvíum. Það er hægt að gera þetta rétt.

Kær kveðja,  
Vala